

Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins 2022

Mars 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Almenn verkefni.....	7
■ Inngangur	7
■ Meðferð eignarhluta í fjármálafyrirtækjum	7
■ Umsjón með samskiptum við fjármálafyrirtæki vegna eigendahlutverks.....	7
■ Eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins	8
■ Meðferð atkvæða á fundum hluthafa og stofnfjáreigenda.....	8
■ Gerð samninga við stjórnir fjármálafyrirtækja	10
■ Eftirfylgni með að settum markmiðum samninga sé náð	10
■ Gerð tillagna um frekari fjármögnun,.....	11
■ Gerð mats og skilyrða um endurskipulagningu og sameiningu fjármálafyrirtækja	11
■ Gerð tillagna um hvort og hvenær eignarhlutir verða boðnir til sölu	11
■ Undirbúningur tillagna um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum og vinna við gerð þeirra	12
Sérstök verkefni	13
■ Inngangur	13
■ Sala á frekari hlutum í Íslandsbanka eftir frumútboð	13
Inngangur.....	13
Meðferð tillögu af hálfu ráðherra, Alþingis og Seðlabanka.....	14
Framkvæmd sölumeðferðar af hálfu Bankasýslu ríkisins	15
Afstaða ráðherra til tilboðs.....	15
■ Önnur sérstök verkefni.....	15
Rekstur fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins 2021 og 2020 og staða í árslok.....	16
■ Inngangur	16
■ Íslandsbanki	17
Rekstur.....	17
Efnahagur og fjárhagur	18
Arðsemi.....	18
■ Landsbankinn.....	18
Rekstur.....	18
Efnahagur og fjárhagur.....	19
Arðsemi.....	19

■ Sparisjóður Austurlands	21
Rekstur.....	21
Efnahagur og fjárhagur	21
Arðsemi.....	21
Viðauki A: Rekstur viðskiptabankanna 2021 og 2020 og staða í árslok.....	23
Viðauki B: Rekstur Sparisjóðs Austurlands 2021 og 2020 og staða í árslok	27
Viðauki C: Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki.....	30

Inngangur

Bankasýsla ríkisins gefur nú í þrettánda sinn út ársskýrslu sína í samræmi við ákvæði 8. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Í skýrslunni er fjallað um starfsemi stofnunarinnar fyrir árið 2021 og fram að aðalfundum þeirra fjármálafyrirtækja, sem hún fer með eignarhluti í, og haldnir voru á fyrri hluta ársins 2022.

Tafla 1 sýnir eignir ríkissjóðs þann 31. desember 2021 og 2020 skv. ríkisreikningi. Í árslok 2021 hélt stofnunin á eignarhlut ríkisins í þremur fjármálafyrirtækjum, þ.e. 65,0% í Íslandsbanka hf. („Íslandsbanka“), 99,8% í Landsbankanum hf. („Landsbankanum“) og 49,5% í Sparisjóði Austurlands hf. („Sparisjóði Austurlands“) m.v. útstandandi hluti, þ.e. að frádregnum eigin bréfum. Stærsta breytingin á eignarhlutum kom til vegna sölu á 35,0% hlut í Íslandsbanka í frumútboði í júní 2021, en ríkissjóður hélt á öllu hlutafé í bankanum í árslok 2020.

Tafla 1: Eignir ríkissjóðs í árslok 2021 og 2020 (fjárhæðir í m.kr.)¹

	31.12.21	31.12.20
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	(25.780)	(28.719)
Íslandsbanki	132.412	147.768
Landsbankinn	281.997	206.107
Önnur ríkisfyrirtæki í C-hluta	<u>601.215</u>	<u>567.848</u>
Ríkisfyrirtæki í C-hluta	1.015.624	921.723
Sparisjóður Austurlands	478	465
Aðrar eignir ríkissjóðs og stofnana í hlutdeildarfélögum	<u>402</u>	<u>469</u>
Eign ríkissjóðs og stofnana í hlutdeildarfélögum	880	934
Eign ríkissjóðs og stofnana í öðrum félögum	270	283
Aðrir áhættufjármunir og langtímakröfur	84.958	79.820
Óefnislegar eignir	4.004	2.472
Varanlegir rekstrarfjármunir	976.247	935.472
Veltufjármunir	529.916	517.976
Neikvæðir eignarhlutir færðir meðal skulda ²	197.435	183.275
Samtals eignir	2.783.555	2.613.236
<i>Þar af eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum</i>	<i>414.887</i>	<i>354.340</i>

Eignarhlutir ríkissjóðs í félögum námu samtals 1.188,4 ma.kr í árslok 2020 í samanburði við 1.077,5 ma.kr. í árslok 2020. Þar af voru neikvæðir eignarhlutir færðir meðal skulda 197,4 ma.kr. í árslok 2021, í samanburði við 183,3 ma.kr. í árslok 2020. Stærstu eignarhlutir ríkissjóðs að fjárhæð, sem færðir voru

¹ Heimild: Ríkisreikningur 2021.

² Eignarhlutir í ÍL-sjóði og Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi ohf.

undir C-hluta, voru eftirfarandi í árslok 2021: Í Landsvirkjun 287,2 ma.kr., í Landsbankanum 282,0 ma.kr., í Seðlabanka Íslands 134,1 ma.kr. og í Íslandsbanka 132,4 ma.kr.³

Eignarhlutir ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjunum þremur voru bókfærðir á 414,9 ma.kr. í árslok 2021 eða 14,9% af eignum ríkissjóðs, í samanburði við 354,3 ma.kr. í árslok 2020 eða 13,6% af eignum ríkissjóðs. Tafla 2 sýnir þróun á breytingu bókfærðs virði þeirra á árinu 2021.

Tafla 2: Þróun á bókfærðu virði eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum á árinu 2021 (fjárhæðir í m.kr.)⁴

<u>Liður</u>	<u>Íslandsbanki</u>	<u>Lands- bankinn</u>	<u>Sparisjóður Austurlands</u>	<u>Samtals</u>
Bókfært virði 1. janúar	147.768	206.107	465	354.340
Afkoma ársins	16.692	28.853	12	45.557
Kaup (sala) á árinu	(51.713)	-	-	(51.713)
Arðgreiðslur	(3.400)	(4.478)	-	(7.878)
Sérstök matsbreyting	24.014	51.556	-	75.570
Aðrar breytingar	(949)	(41)	-	(990)
Bókfært virði 31. desember	132.412	281.997	477	414.886

Hækkun á bókfærðu virði eignarhlutanna á árinu má aðallega skýra af virðisbreytingum, sem námu 75,6 ma.kr. á árinu, en eignarhlutir í viðskiptabönkunum tveimur voru metnir á hlutafjármargfaldaranum 0,8x í árslok 2020, en á margfaldaranum 1,0x, þ.e. á innra virði, í árslok 2021. Sala eignarhluta ríkissjóðs á 35,0% hlut í Íslandsbanka lækkaði aftur á móti bókfært virði eignarhluta um 51,7 ma.kr., en afkoma ársins hækkaði þá svo um 45,6 ma.kr. Ríkissjóður færir hlutdeild í rekstri dóttur- og hlutdeildarfélagum með hlutdeildaraðferð. Þar af leiðandi eru greiðslur vegna arðs frá hlutdeildar- og dótturfélögum færðar til lækkunar á eign í viðkomandi félagi.

Í ríkisreikningi fyrir árið 2021 er gerð frekari grein fyrir var sölunni á 35,0% hlut í Íslandsbanka í frumútboðinu í júní. Þar kemur fram að söluverð eignarhlutanna hafi verið 53.605 m.kr. skv. sjóðstreymi, að bókfært virði hlutanna við sölu hafi verið 51.713 m.kr. skv. efnahagsreikningi og þar af leiðandi hafi hagnaður vegna sölunnar numið 1.893 kr. skv. rekstrarreikningi.

Í árslok 2021 var markaðsvirði hlutafjár Íslandsbanka 252,6 ma.kr. og markaðsvirði eftirstandandi eignarhlutar ríkisins í bankanum því 164,2 ma.kr. Var hlutur ríkissjóðs í honum því bókfærður á hlutafjármargfaldaranum 1,24x í ríkisreikningi þann 31. desember 2021.

³ Athygli skal vakin á því að bæði Íslandsbanki og Landsbankinn eru hlutafélög, en ekki ríkisfyrirtæki í hefðbundum skilningi eins og t.d. Landsvirkjun, Seðlabanki Íslands, Náttúruhamfaratrygging Íslands og Rarik ohf., en eignarhlutir ríkisins í öllum þessum aðilum er færður undir C-hluta.

⁴ Heimild: Ríkisreikningur 2021.

Almenn verkefni

■ Inngangur

Bankasýsla ríkisins starfar skv. ákvæðum laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins Samkvæmt ákvæðum 4. gr. laganna eru verkefni stofnunarinnar eftirfarandi:

- a. Að fara með eignarhluti ríkisins í fyrirtækjum og félögum, sbr. 1. gr.
- b. Að sjá um samskipti ríkisins við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhluti í og tengjast eigendahlutverki þess. Samskiptin fara fram í gegnum bankaráð og stjórnir fjármálafyrirtækjanna.
- c. Að hafa eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins eins og hún er á hverjum tíma.⁵
- d. Að fara með atkvæði ríkissjóðs á hluthafafundum fjármálafyrirtækja og á fundum stofnfjáreigenda sparisjóða.
- e. Að gera samninga við stjórnir hlutaðeigandi fjármálafyrirtækja, þar á meðal um eiginfjárframlög og um sérstök og almenn markmið í rekstri þeirra. Bankasýsla ríkisins setur þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg vegna eiginfjárframlaga. Útdrættir úr samningum skulu birtir opinberlega 12 mánuðum eftir að þeir hafa verið gerðir.
- f. Að fylgjast með að settum markmiðum í samningum verði náð.
- g. Að gera tillögur til ráðherra um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á grundvelli hlutverks og markmiða stofnunarinnar.
- h. Að meta og setja skilyrði um endurskipulagningu og sameiningu fjármálafyrirtækja með hliðsjón af hlutverki og markmiðum stofnunarinnar og eigendastefnu ríkisins.
- i. Að gera tillögur til ráðherra um hvort og hvenær tilteknir eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum verða boðnir til sölu á almennum markaði með hliðsjón af markmiðum stofnunarinnar, sbr. 3. mgr. 1. gr., og í samræmi við gildandi lög og markmið um dreifða eignaraðild.
- j. Að undirbúa og vinna tillögur um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum.

Verður nú fjallað um þessi verkefni Bankasýslu ríkisins á því tímabili, sem skýrslan nær til, þ.e. á árinu 2021 fram til aðalfunda fjármálafyrirtækjanna á árinu 2022.

■ Meðferð eignarhluta í fjármálafyrirtækjum

Eins og kom fram í umfjölluninni hér á undan, þá hélt ríkissjóður á öllu hlutafé í Íslandsbanka í árslok 2020. Eftir frumútboðið í júní 2021, þar sem var seldur 35,0% hlutur féll eignarhlutur ríkissjóðs niður í 65,0%. Engar aðrar breytingar urðu á eignarhaldi ríkissjóðs á árinu 2021, en með sölu á frekari 22,5% hlut í Íslandsbanka í mars 2022 lækkaði eignarhlutur ríkisins í bankanum niður í 47,5%.

■ Umsjón með samskiptum við fjármálafyrirtæki vegna eigendahlutverks

Þrátt fyrir það að fram komi í ákvæðum b-liðar 4. gr. að „[samskipti á milli stofnunarinnar og fjármálafyrirtækjanna eigi að] fara fram í gegnum bankaráð og stjórnir fjármálafyrirtækjanna“ eru dagleg samskipti á forræði starfsmanna Bankasýslu ríkisins. Þannig áttu forstjóri og sérfræðingur stofnunarinnar í eignastýringu eins og venjulega ársfjórðungslega fundi með stjórnendum Íslandsbanka

⁵ Í ákvæðum laga nr. 88/2009 er vitnað til “eigendastefnu ríkisins”, en hún er birt hverju sinni undir titlinum “eigendastefna ríkisins”.

og Landsbankanum í tengslum við birtingu fjárhagsuppgjör bankanna. Aftur á móti varð ekkert af árlegum fundum stjórnar stofnunarinnar og stjórnar Íslandsbanka annars vegar og bankaráðs Landsbankans hins vegar vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Þá á sérfræðingur stofnunarinnar í eignastýringu reglulega símafundi með sparisjóðsstjóra og stjórnarformanni Sparisjóðs Austurlands.

Í tengslum við frumútboð á hlutum í Íslandsbanka í júní 2021 áttu sér stað margir fundir á milli fulltrúa Bankasýslu ríkisins og Íslandsbanka, þar á meðal á milli stjórnar stofnunarinnar og stjórnar bankans, sbr. ákvæði b-liðar 4. gr. laganna.

■ Eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins

Engar breytingar voru gerðar af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra á eigendastefnu fyrir eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, sem birtist þann 28. febrúar 2020. Eins og fram kemur í ákvæðum í kafla 1.3 um markmið varðandi einstök félög og þá sérstaklega lið b., sem fjallar um Íslandsbanka, er stefnt „að því að selja allan eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka þegar hagfelld og æskileg skilyrði eru fyrir hendi“. Þannig var sala á 35,0% hlut í bankanum með frumútboði í júní 2021 og frekari sala með tilboðsfyrirkomulagi í mars 2022 í samræmi við ofangreind markmið.

Reglubundið eftirlit Bankasýslu ríkisins með eigendastefnunni birtist m.a. í ítarlegri yfirferð stofnunarinnar á ársfjórðungslegum skýrslum bankanna og árshluta- og ársskýrslu Sparisjóðs Austurlands, fréttatilkynningum þeirra og skýrslum viðeigandi eftirlitsaðila. Eftirfylgni stofnunarinnar birtist þannig í ársfjórðungslegum fundum á milli starfsmanna stofnunarinnar og stjórnenda bankanna. Þá birtist það einnig með mótun og samþykki Bankasýslu ríkisins á starfskjarastefnu viðkomandi fjármálafyrirtækis, sbr. ákvæði 8. meginreglu 3. kafla eigendastefnunnar, og þóknun til stjórnar- og bankaráðsmanna á aðalfundum fjármálafyrirtækjanna. Að lokum á stofnunin fund með fulltrúum sínum í stjórnnum í aðdraganda aðalfunda.

■ Meðferð atkvæða á fundum hluthafa og stofnfjáreigenda

Íslandsbanki, Landsbankinn og Sparisjóður Austurlands héldu aðalfundi sína á árinu 2022 (þ.e. fyrir árið 2021) í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Á aðalfundi Íslandsbanka, sem var haldinn 17. mars 2022, voru lagðar fram hefðbundnar tillögur, um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2021, kosningu stjórnar, þóknunir til stjórnarmanna og starfskjarastefnu, sem var óbreytt. Þá var samþykkt heimild stjórnar til kaupa á allt að 10,0% af hlutafé bankans, sem var svo getið í sérstökum viðauka við samþykktir hans. Engar tillögur voru lagðar fram um breytingar á samþykktum. Aðalfundurinn samþykkti tillögu um að greiða 5,95 kr. á hvern hlut í arð, sem samsvaraði 11,9 ma.kr., og tillögu um þóknunir stjórnar, þannig að stjórnarmenn fái 473.000 kr. á mánuði, að varaformaður fái 588.000 kr. á mánuði, að stjórnarformaður fái 824.000 kr. á mánuði, að stjórnarmenn fái 236.000 kr. á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda stjórnar og að auki fái formenn undirnefnda stjórnar kr. 53.000 kr. á mánuði. Sjálfkjörið var í stjórn bankans og skipuðu hana eftirfarandi einstaklingar (í stafrófsröð) Anna Þórðardóttir, Ari Daníelsson, Finnur Árnason, Frosti Ólafsson, Guðrún Þorgeirsdóttir, Heiðrún Jónsdóttir og Tanya Zharov sem aðalmenn og Herdís Gunnarsdóttir og Páll Grétar Steingrímsson sem varamenn. Jafnframt kaus aðalfundurinn Finn sem formann stjórnar.

Var um að ræða fyrsta aðalfund Íslandsbanka frá frumútboði og skráningu hluta hans á skipulegum markaði í júní 2021. Þann 29. september það ár skipaði stjórn Íslandsbanka svo tilnefningarnefnd, sem í voru Helga Valfells, sem var formaður nefndarinnar, Hallgrímur Snorrason, þáverandi formaður stjórnar bankans, og Tómas Már Sigurðsson, fyrrverandi varaformaður stjórnar hans. Tilnefningarnefnd bærust nöfn þeirra einstaklinga, sem Bankasýsla ríkisins ákvað að kjósa í stjórn bankans, innan þess frests sem samningur stofnunarinnar og bankans kveður á um, en það voru Anna, Frosti, Guðrún og Heiðrún sem aðalmenn, og Herdís sem varamaður. Tilnefningarnefnd lagði svo til að auki að Finnur, Ari og Tanya tækju sæti aðalmanna og Páll Grétar sæti varamanns. Í samráði við Bankasýslu ríkisins lagði nefndin einnig til að Finnur yrði formaður stjórnar bankans.

Á aðalfundi Landsbankans, sem var haldinn þann 23. mars 2022, voru lagðar fram hefðbundnar tillögur, um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2021, kosningu stjórnar, þóknanir til stjórnarmanna og starfskjarastefnu. Engar tillögur voru lagðar fram um breytingar á samþykktum, en fundurinn samþykkti heimild til handa bankaráði að eignast allt að 10% af hlutafé bankans, rétt eins og í tilfelli Íslandsbanka. Aðalfundurinn samþykkti einnig tillögu um að greiða arð sem samsvaraði 0,87 kr. á hvern hlut, eða samtals 20.550 m.kr. m.v. útistandandi hluti.⁶ Þá samþykkti fundurinn einnig tillögu um þóknanir bankaráðs, þannig að bankaráðsmenn fái 473.000 kr. á mánuði, að varaformaður fái 588.000 kr. á mánuði, að bankaráðsformaður fái 824.000 kr. á mánuði, að bankaráðsmenn fái 236.000 kr. á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda stjórnar og að auki fái formenn undirnefnda bankaráðs kr. 53.000 á mánuði. Var því tillaga um þóknanir til bankaráðsmanna Landsbankans þannig samhljóða tillögu um þóknanir stjórnarmanna Íslandsbanka. Aðalfundur Landsbankans kaus einnig eftirfarandi einstaklinga í bankaráð hans: Helgu Björk Eiríksdóttur, Berglindi Svavarsdóttur, Elínu H. Jónsdóttur, Guðbrand Sigurðsson, Guðrúnu Blöndal, Helga Friðjón Arnarson og Þorvald Jacobsen sem aðalmenn og Sigríði Olgeirsdóttur og Sigurð Jón Björnsson sem varamenn. Jafnframt kaus aðalfundurinn Helgu Björk sem formann bankaráðs. Var sjálfkjörið í bankaráðið og var skipan þess óbreytt frá síðasta aðalfundi.

Á aðalfundi Sparisjóðs Austurlands, sem var haldinn þann 6. apríl 2022 í Safnahúsinu Neskaupsstað, fóru einnig fram hefðbundin aðalfundarstörf. Ekki var gerð tillaga um greiðslu arðs, en eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn: Jón Björn Hákonarson, Jón Einar Marteinsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Regína Fanney Guðmundsdóttir og Sigurður Hafsteinn Pálsson sem aðalmenn og Snorri Styrkársson og Guðmundur Jónas Skúlason sem varamenn. Voru Regína Fanney, Sigurður Hafsteinn og Guðmundur Jónas tilnefnd af Bankasýslu ríkisins. Þá var samþykkt tillaga um þóknanir til stjórnarmanna, þannig að þeir fá 120.000 kr. á mánuði og stjórnarformaður tvöfalda þóknun.

⁶ Um var að ræða almenna arðgreiðslu í tveimur hlutum, þ.e. 0,31 kr. á hvern hlut þann 30. mars og 0,30 kr. á hvern hlut þann 21. september, og sérstaka arðgreiðslu að fjárhæð 0,26 kr. á hvern hlut þann 28. apríl.

■ Gerð samninga við stjórnir fjármálafyrirtækja

Þann 19. maí 2021 var undirritaður nýr samningur við stjórn Íslandsbanka um sérstök og almenn markmið í rekstri í aðdraganda frumútboðs á hlutum í bankanum.⁷ Tók samningurinn gildi um leið og hlutir í Íslandsbanka voru teknir til viðskipta í kauphöll, þ.e. þann 22. júní sama ár. Engir aðrir samningar voru gerðir á árinu 2021 eða fyrir aðalfundi fjármálafyrirtækjanna.

■ Eftirfylgni með að settum markmiðum samninga sé náð

Bankasýsla ríkisins gerir almenna arðsemiskröfu til Íslandsbanka og Landsbankans, sem samsvarar áhættulausum vöxtum að viðbættu 5% álagi. Árið 2021 náðist það markmið á öllum ársfjórðungum hjá báðum bönkum, eins og tafla 3 hér á eftir sýnir.⁸

Tafla 3: Arðsemi eign fjár hluthafa árið 2021⁹

	Fyrsti fjórðungur	Annar fjórðungur	Þriðji fjórðungur	Síðasti fjórðungur	Allt árið
Íslandsbanki					
Arðsemi	7,7%	11,6%	15,7%	14,2%	12,3%
Áhættulausir vextir	<u>0,5%</u>	<u>0,6%</u>	<u>0,9%</u>	<u>1,5%</u>	<u>0,9%</u>
Umfram arðsemi	7,2%	11,0%	14,8%	12,7%	11,4%
Landsbankinn					
Arðsemi	11,7%	9,8%	11,0%	10,5%	10,8%
Áhættulausir vextir	<u>0,5%</u>	<u>0,6%</u>	<u>0,9%</u>	<u>1,5%</u>	<u>0,9%</u>
Umfram arðsemi	11,2%	9,2%	10,1%	9,0%	9,9%

Til viðbótar arðsemiskröfu ríkisins setja bankarnir sér - hvor um sig - sérstök fjárhagsleg markmið, sem fjallað verður um síðar í þessari skýrslu.

⁷ Sjá skjalið *Samningur Bankasýslu ríkisins og Íslandsbanka (ISFI Íslandsbanki Relationship Agreement)* http://www.bankasysla.is/files/Samningur%20Bankas%C3%BDslu%20r%C3%ADkisins%20og%20C3%8DSB_19_052021_450431121.pdf

⁸ Hér ber að geta þess að í þeim samningi, sem var gerður á milli Bankasýslu ríkisins og Íslandsbanka í aðdraganda frumútboðs á hlutum í bankanum, voru ekki sett töluleg markmið varðandi arðsemiskröfu.

⁹ Heimild: Fjárhagsbækur bankanna árið 2021, Seðlabanki Íslands, Bankasýsla ríkisins.

■ Gerð tillagna um frekari fjármögnun

Bankasýsla gerði ekki tillögu um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja, rétt eins og undanfarin starfsár.

■ Gerð mats og skilyrða um endurskipulagningu og sameiningu fjármálafyrirtækja

Bankasýsla framkvæmdi að sama skapi ekki mat og setti ekki nein skilyrði um endurskipulagningu og sameiningu fjármálafyrirtækja á árinu, rétt eins og undanfarin starfsár.

■ Gerð tillagna um hvort og hvenær eignarhlutir verða boðnir til sölu

Þann 20. janúar 2022 lagði Bankasýsla ríkisins fram tillögu til ráðherra um að ráðast í frekari sölumeðferð á eignarhlutum í Íslandsbanka í framhaldi af frumútboðinu sem fór fram í júní 2021 ásamt tilheyrandi minnisblaði.¹⁰ Tillagan var svo hljóðandi:

„Að Bankasýsla ríkisins fái heimild til að selja alla eignarhluti ríkisins í Íslandsbanka hf. í nokkrum áföngum og að höfðu samráði við ráðherra um skiptingu þeirra og tímasetningar. Heimild þessi gildi í tvö ár eða til og með 31. desember 2023.“

Í tillögunni vitnaði Bankasýsla ríkisins m.a. til ákvæða í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar (*Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs*), þar sem fram kom að „[s]tjórnvöld munu halda áfram að draga úr eignarhaldi ríkisins í fjármálakerfinu og nýta fjármuni sem liggja í slíkum rekstri í uppbyggingu innviða“.¹¹ Þá vitnaði stofnunin að sama skapi til ákvæða frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2022. Í tillögunni kom fram að Bankasýsla ríkisins myndi einungis selja eignarhluti ef markaðsaðstæður væru hagfelldar og nota til þess viðurkenndar aðferðir á markaði. Þá kom fram að ráðherra muni ávallt eiga endanlega ákvörðun um sölu í hvert og eitt skipti, sbr. ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum.

Í minnisblaði stofnunarinnar, sem alls taldi níu blaðsíður og fylgdi tillögu hennar, taldi Bankasýsla ríkisins í ljósi meginreglna og markmiða að horft yrði til fjögurra söluaðferða, þ.e. beina sölu með tilboðsfyrirkomulagi (e. accelerated bookbuild, eða „ABB“), beina sölu með fullmarkaðssettu útboði (e. fully marketed offering), beina sölu með miðlunaráætlun (e. trading plan) og óbeina sölu með útgáfu skiptanlegra skuldabréfa (e. exchangeable bonds). Í minnisblaðinu fjallaði svo stofnunin með ítarlegum hætti um þrjár beinu söluaðferðirnar og einnig þau fjögur viðmið sem hún taldi rétt að horfa til um hvenær rétt væri að hefja sölumeðferð.¹² Í niðurstöðukafla minnisblaðsins kom fram að Bankasýsla ríkisins teldi að „[t]ilboðsfyrirkomulag [væri] fyrirkomulag sem [uppfyllti] skilyrði laga nr. 155/2012“ og að „förgangsmeginregla laga nr. 155/2012 [væri] mjög skýr um hagkvæmni en með því [væri] átt við að leita eigi eftir hæsta verði“. Í lok kaflans sagði þannig að „[þ]að [væri] samdóma álit allra ráðgjafa og Bankasýslu ríkisins að tilboðsfyrirkomulag [væri] ákjósanlegasta leiðin að því markmiði [...] [og] um

¹⁰ Sjá <http://www.bankasysla.is/fjolmidlar/frettir/nr/401/>

¹¹ Sjá <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stjornarsattmali/>

¹² Viðmiðin fjögur eru eftirfarandi: (1) Að íslenskt efnahagslíf hafi styrkst og náð stöðugleika, (2) að virðismat á fjármálafyrirtækjum sé ásættanlegt, (3) að fjárfestar hafi áhuga og bolmagn til fjárfestinga í eignarhlutum og (4) að rekstur, afkoma, fjárhagsskipan og stjórnarhættir viðkomandi

[væri] að ræða hefðbundna venju á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum sem talin [væri] ákjósanlegasta aðferðin við áframhaldandi sölu til að hámarka verð og lágmarka áhættu“.

Þess má geta að fram kom í minnisblaði Bankasýslu ríkisins að „[þ]ar sem [stofnunin líti] á sölu á öllum eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka í heild sinni, frekar en einstakar sölu, [telji hún] rétt að ráðherra leggi fram skýrslu um sölumeðferðina, sbr. ákvæði 5. gr. laga nr. 155/2012, þegar ríkissjóður hefur selt allan eignarhlut í bankanum [...] og [þ]annig [hafi verið] ljóst að frumútboð á hlutum í Íslandsbanka, sem eins og áður sagði lauk 22. júní sl., [hafi] einungis fyrsta skrefið í slíkri samfelldri sölumeðferð“.

Nánar er fjallað um sölumeðferðina síðar í skýrslunni.

■ **Undirbúningur tillagna um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum og vinna við gerð þeirra**

Bankasýsla ríkisins undirbjó tillögu um sölu eignarhluta og vann að henni, eins og fram kom hér á undan. Er eins og áður sagði fjallað nánar um undirbúning tillögunnar og vinnu við gerð hennar síðar í þessari ársskýrslu.

Sérstök verkefni

■ Inngangur

Bankasýsla ríkisins gegnir framkvæmdarhlutverki við sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum skv. ákvæðum laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins.

Þannig segir í 1. mgr. 1. gr. laganna að „[r]áðherra [sé] heimilt að selja að öllu leyti eða að hluta [tilgreinda] eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, að fenginni heimild í fjárlögum og fengnum tillögum frá Bankasýslu ríkisins skv. i- og j-lið 4. gr. laga [nr. 88/2009]“. Þannig er það á forræði stofnunarinnar að hefja sölumeðferð eignarhlutanna.

Einnig segir í 1. mgr. 2. gr. sömu laga að „[þ]egar ráðherra hefur fallist á tillögu Bankasýslu ríkisins [...] [skuli] hann útbúa greinargerð [...] og leggja fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis [...] [og] jafnframt leita umsagnar Seðlabanka Íslands“. Í 2. mgr. sömu greinar segir svo að „[ráðherra skuli] taka ákvörðun um hvort sölumeðferð [...] verði hafin í samræmi við efni greinargerðarinnar [...] [og að hann geti] í ákvörðun sinni gert breytingar [...] m.a. að teknu tilliti til athugasemda [nefnda] Alþingis“.

Til viðbótar segir í 1. mgr. 4. gr. laganna að „Bankasýsla ríkisins [skuli] annast sölumeðferð eignarhluta fyrir hönd ríkisins í samræmi við ákvörðun ráðherra, sbr. 2. gr. [...] [og að] [undirbúa] sölu, [leita] tilboða í eignarhlut, [meta] tilboð, [hafa] umsjón með samningaviðræðum við utanaðkomandi ráðgjafa og væntanlega kaupendur og annast samningagerð“.

Einnig segir í 2. mgr. sömu greinar að „[þ]egar tilboð í eignarhlut [liggi] fyrir [skuli] Bankasýsla ríkisins skila ráðherra rökstuddu mati á þeim“ [...] [og að] [ráðherra taki] ákvörðun um hvort tilboð skuli samþykkt eða þeim hafnað og [undirriti] samninga fyrir hönd ríkisins um sölu eignarhlutarins.“

Að lokum segir í 5. gr. laganna að „[þ]egar sölumeðferð er lokið [skuli] ráðherra leggja fyrir Alþingi skýrslu um [hana]“.

■ Sala á frekari hlutum í Íslandsbanka eftir frumútböð

Inngangur

Eins og fram kom hér á undan lagði Bankasýsla ríkisins fram tillögu til ráðherra þann 20. janúar 2022. Alþingi samþykkti fjárlög fyrir árið 2022 þann 28. desember 2021, þar sem finna mátti í ákvæðum 6. gr. heimild til sölu á eignarhlutum í Íslandsbanka. Var því augljóst að bæði skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 155/2012 væru þar með uppfyllt. Í yfirliti fyrir sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluta) í fjárlögum kom einnig fram að sala eigna ætti að afla 75,7 ma.kr. á árinu 2022, rétt eins og í frumvarpi til fjárlaga fyrir það ár, sem lagt var fram af ráðherra þann 30. nóvember, eða tæpun mánuði fyrir samþykki þeirra. Í frumvarpinu kom þannig fram „að gert [yrði] ráð fyrir að eignarhlutur ríkissjóðs í Íslandsbanka verði seldur að fullu á næstu tveimur árum“, þ.e. á árunum 2022 og 2023.¹³

¹³ Þann 30. nóvember 2021 var dagslokaverð á hvern hlut í Íslandsbanka 123,0 kr. og markaðsvirði hlutafjár bankans því 246,0 ma.kr. og markaðsvirði eftirstandandi eignarhlutar ríkisins í honum því 159,9 ma.kr.

Meðferð tillögu af hálfu ráðherra, Alþingis og Seðlabanka

Þann 11. febrúar 2022 birtist tilkynning á heimasíðu ráðuneytisins þess efnis að ráðherra hefði fallist á tillögu Bankasýslu ríkisins frá 20. janúar sama ár.¹⁴ Í tilkynningunni kemur fram að helstu markmið með sölunni séu eftirfarandi:

- „Að minnka áhættu ríkisins af svo stórum eignarhlut í fjármálakerfinu;
- að efla virka samkeppni á fjármálamarkaði;
- að hámarka endurheimtur ríkissjóðs af eignarhaldinu og sölu á hlutum;
- að stuðla að fjölbreyttu, heilbrigðu og dreifðu eignarhaldi til lengri tíma;
- að auka fjárfestingarmöguleika fyrir innlenda einstaklinga og fagfjárfesta; og ekki síst
- að minnka skuldsetningu eða auka svigrúm ríkisins til samfélagslega arðbærra fjárfestinga“.

Var um að ræða sömu markmið og fram komu í ákvörðun ráðherra um að hefja frumútboð á hlutum í Íslandsbanka, sem lauk í júní 2021. Í tengslum við ákvörðunina útbjó ráðherra greinargerð um fyrirhugaða sölumeðferð þann 10. febrúar. Með bréfi þann sama dag óskaði ráðherra eftir umsögnum fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og Seðlabanka Íslands eigi síðar en 2. mars.

Fulltrúar Bankasýslu ríkisins héldu kynningar fyrir fjárlaganefnd Alþingis þann 21. febrúar og fyrir efnahags- og viðskiptanefnd þann 24. febrúar 2022. Efnahags- og viðskiptanefnd sendi ráðherra umsögn sína þann 9. mars, fjárlaganefnd þann 3. mars og Seðlabanki Íslands þann 2. mars.

Föstudaginn 18. mars 2022 ritaði ráðherra svo Bankasýslu ríkisins bréf þar sem hann tilkynnir að hann hafi ákveðið „að hefja skuli framhald sölumeðferðar í samræmi við fyrirliggjandi greinargerð sem lögð var fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis“. Í bréfi ráðherra hafði þannig komið fram að „[u]msagnir meirihluta fjárlaganefndar Alþingis, dags. 4. mars sl., og efnahags- og viðskiptanefndar [...] [ligger] nú fyrir, en þar [sé] mælt með því að hafist verði handa við framhald á sölu eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka í samræmi við tillögur [Bankasýslu ríkisins] og þau markmið sem fram koma í greinargerð ráðherra.“ Þá segir í lok bréfs ráðherra að „[á] þessum grunni [sé] Bankasýslu ríkisins falið, að höfðu samráði við ráðherra um tímasetningar, skiptingu áfanga og söluaðferðir, að tryggja að útfærslur á útboðs- og úthlutunarskilmálum verði í samræmi við greinargerðina og meginmarkmið eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki, svo sem framast er kostur og, eins og mögulegt er:

- i. að áfram verði stuðlað að aukinni samkeppni á fjármálamarkaði;
- ii. að áfram verði horft til þess að viðhalda dreifðu eignarhaldi og fjölbreytileika í eigendahópi Íslandsbanka;
- iii. að horft verði til þess, við útfærslu og úthlutun í kjölfar tilboðsfyrirkomulags og ef nægjanleg umframeftirspurn verður í slíkum útboðum, að fjárfestar sem horfi til lengri tíma fjárfestinga verði fyrir minni skerðingu en skammtímafjárfestar“.

¹⁴ Sjá <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/fret>

Framkvæmd sölumeðferðar af hálfu Bankasýslu ríkisins

Í framhaldi af ákvörðun ráðherra föstudaginn 18. mars ákvað Bankasýsla ríkisins í samráði við ráðgjafa sína að hefja markaðsþreifingar að morgni mánudagsins 21. mars á meðal innlendra fjárfesta.¹⁵ Var þá upphaflega stefnt að því að selja að lágmarki 15,0% hlut í bankanum. Í framhaldinu var svo ákveðið að hefja markaðsþreifingar á meðal alþjóðlegra fjárfesta að morgni þriðjudagsins 22. mars.

Á grundvelli endursvörunar markaðsþreifinga var svo ákveðið að tilkynna um útboð á að lágmarki 20,0% af hlutafé Íslandsbanka, eða 400 milljón hlutum, eftir lokun markaða þann dag, en þá nam verð á hvern hlut 122 kr. Birtist tilkynning þar að lútandi kl. 16:11 á heimasíðu Íslandsbanka. Síðar sama dag, eða kl. 18:34, birtist svo tilkynning á heimasíðu bankans þess efnis að umsjónaraðilar hefðu mótttekið áskriftir fyrir 400 milljónum hluta í honum. Um kvöldið þann 22. mars, eða nánar kl. 21:09, birtist svo tilkynning Bankasýslu ríkisins þess efnis „að umsjónaraðilarnir [hafi] ráðlagt leiðbeinandi lokaverð fyrir útboðið sem nemur 117 kr. á hvern hlut [...] [að líkur séu] fyrir því að lægri tilboð verði ekki samþykkt [...] [og að stofnunin muni] leggja til að stærð útboðsins verði 22.5% af heildarhlutafé bankans [...] [og að því ljúki] 21:30 í kvöld, þann 22. mars 2022“.

Að morgni miðvikudagsins 23. mars, eða kl. 06:17, birtist svo á heimasíðu Íslandsbanka tilkynning um niðurstöðu sölufærlisins þar sem fram kom að seldir hafi verið 450 milljón hlutir, sem samsvara 22,5% af hlutafé bankans, á 117 kr. hvern hlut, og að uppgjör viðskiptanna fari fram þann 28. mars. Nam brúttó söluandvirði útboðsins þannig samtals 52.650 m.kr. Þá kom fram í tilkynningunni að veruleg umfram eftirspurn hafi verið í útboðinu. Síðar um daginn, eða nánar kl. 09:42, birtist svo á heimasíðu Íslandsbanka flöggun Bankasýslu ríkisins þess efnis að eignarhlutur ríkisins hefði farið undir 50,0% eftir útboðið og niður í 42,5%.

Afstaða ráðherra til tilboðs

Eftir að niðurstaða ráðgjafa Bankasýslu ríkisins um leiðbeinandi lokaverð og -sölumagn lá fyrir var staða útboðsins kynnt fyrir ráðherra með símtali af hálfu stjórnarformanns og forstjóra stofnunarinnar. Um kvöldið þann 22. mars, eða nánar tiltekið kl. 21:40 sendi Bankasýsla ríkisins rökstutt mat til ráðherra um að lokaverð ætti að vera 117 kr. á hvern hlut og lokamagn 450 milljón hlutir. Síðar um kvöldið, eða kl. 23:27, barst stofnuninni svo svarbéf ráðherra, þar sem fallist var á tillögu hennar og henni veitt umboð til að ljúka sölumeðferð í samræmi við hana.

■ Önnur sérstök verkefni

Bankasýsla ríkisins réðst ekki í önnur sérstök verkefni á árinu, nema ef vera skyldi eftirfylgni vegna útboðsins í mars 2022. Verður gerð grein fyrir þeirri eftirfylgni í næstu ársskýrslu.

¹⁵ Citigroup Global Markets Europe AG, fyrirtækjaráðgjöf og verðbréfamiðlun Íslandsbanka og J.P. Morgan SE voru sameiginlegir umsjónaraðilar með mögulegu útboði og höfðu þá þegar verið ráðnir ásamt STJ Advisors Group Limited („STJ“), sem var fjármálaráðgjafi Bankasýslu ríkisins, og lögfræðilegum ráðgjöfum stofnunarinnar, sem voru LOGOS slf. og White & Case LLP. Að morgni þriðjudagsins 22. mars voru svo HSBC Continental Europe og Fossar markaðir hf. ráðnir sem söluráðgjafar og ACRO verðbréf hf., Íslensk verðbréf hf., og Landsbankinn hf. sem söluaðilar.

Rekstur fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins 2021 og 2020 og staða í árslok

■ Inngangur

Eins og áður sagði hélt Bankasýsla ríkisins í árslok 2021 á eftirtöldum hlutum í fjármálafyrirtækjum, m.v. útistandandi hluti: 65,0% í Íslandsbanka, 99,8% í Landsbankanum og 49,5% í Sparisjóði Austurlands.

Rekstur þessara fjármálafyrirtækja á árinu 2021 markaðist af myndarlegum viðsnúningi á þeim neikvæðu virðisbreytingum á fjáreignum, sem áttu sér stað á árinu 2020 vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Tafla 4 sýnir þannig virðisbreytingar fjáreigna hjá viðskiptabönkunum og framlag í afskriftarreikning útlána hjá sparisjóðnum.

Tafla 4: Virðisbreytingar fjáreigna og uppfærslur (afskriftir) útlána árið 2021 (fjárhæðir í m.kr.)¹⁶

	Fyrsti fjórðungur	Annar fjórðungur	Þriðji fjórðungur	Síðasti fjórðungur	Allt árið
Íslandsbanki	(518)	1.140	1.757	639	3.018
Landsbankinn	2.489	293	1.008	3.247	7.037
Sparisjóður Austurlands	...	-	-	-	3
Samtals	1.971	1.433	2.765	3.886	10.058

Taflan sýnir að bókfært virði ofangreindra eigna hafi hækkað um samtals 10,1 ma.kr. á árinu 2021, í samanburði við 20,9 ma.kr. lækkun á árinu 2020. Var því um 30,9 ma.kr. viðsnúning að ræða. Virðisbreytingar voru jákvæðar á öllum ársfjórðungum hjá báðum viðskiptabönkunum, að undanskildum neikvæðum virðisbreytingum fjáreigna hjá Íslandsbanka á fyrsta ársfjórðungi.

Bankasýsla ríkisins lítur til ferns konar mælikvarða á afkomu fjármálafyrirtækja fyrir tekjuskatt. Í fyrsta lagi lítur stofnunin til reglulegs rekstrar, sem tekur til hreinna vaxta- og þjónustutekna en allra rekstrargjalda. Í öðru lagi til kjarnarekstrar, sem til viðbótar tekur tillit til fjármunatekna á tekjuhliðinni. Í þriðja lagi til rekstrar fyrir virðisbreytingar fjáreigna, sem til viðbótar tekur tillit til annars reksturs á tekjuhliðinni. Í fjórða og síðasta lagi til alls rekstrar eftir virðisbreytingar fjáreigna, sem geta verið jákvæðar eða neikvæðar.

Bankasýsla ríkisins mælir því næst arðsemi þessara fjögurra mismunandi afkomuþátta fyrir tekjuskatt m.v. samtals eigið fé. Þá næst lítur stofnunin til heildararðsemi eftir tekjuskatt m.v. samtals eigið fé vegna (a) hagnaðar ársins af áframhaldandi starfsemi, (b) hagnaðar ársins og (c) heildarafkomu ársins. Að lokum er litið til arðsemi m.v. hagnað ársins og eigið fé hluthafa, bæði fyrir og eftir áhættulausa vexti. Bankasýsla ríkisins skilgreinir áhættulausa vexti eins og áður sagði sem vexti á viðskiptareikningum innlánsstofnana hjá Seðlabanka. Arðsemi eigin fjár er í öllum tilfellum mæld sem arðsemi einfalds meðaltals ársins, þ.e. m.v. eigið fé í byrjun og lok hvers árs.

¹⁶ Heimild: Fjárhagsbækur bankanna og ársskýrsla sparisjóðsins fyrir árið 2021.

■ Íslandsbanki

Rekstur

Vaxtatekjur Íslandsbanka voru 58,6 ma.kr. árið 2021, í samanburði við 55,7 ma.kr. árið 2020. Hækkuðu þær því um 2,9 ma.kr., eða 5,3%, á milli ára. Vaxtagjöld bankans voru 24,6 ma.kr. árið 2021, í samanburði við 22,3 ma.kr. árið 2020 og hækkuðu því um 2,3 ma.kr., eða 10,1% á milli ára. Hreinar vaxtatekjur bankans voru því 34,0 ma.kr. árið 2021, í samanburði við 33,4 ma.kr. árið 2020, og hækkuðu því um 0,7 ma.kr., eða um 2,0% á milli ára. Vaxtamunur Íslandsbanka var 2,46% á árinu 2021, í samanburði við 2,62% á árinu áður, og lækkaði því um 0,17% stig. Skýra má hækkunina m.a. af aukningu á meðaltals eignum á milli 2021 og 2020 um 114,7 ma.kr., eða um 9,0%.

Rekstrartekjur Íslandsbanka voru 50,2 ma.kr. á árinu 2021, í samanburði við 43,2 ma.kr. á árinu 2020, og hækkuðu þar af leiðandi um 7,0 ma.kr., eða um 16,3%. Má rekja hækkunina til aukningar í hreinum þjónustutekjum um 2,3 ma.kr., eða um 22,1%, í fjármunatekjum um 3,9 ma.kr. og í hreinum vaxtatekjum um 0,7 ma.kr.

Rekstrarkostnaður Íslandsbanka, þ.e. laun og tengd gjöld, annar stjórnunarkostnaður og sérstakur skattur á skuldir fjármálafyrirtækja, var 25,6 ma.kr. á árinu 2021, í samanburði við 25,0 ma.kr. á árinu 2020, og lækkaði þar af leiðandi um 0,6 ma.kr., eða 2,2%. Hækkunin var mun lægri en sem nemur verðbólgu á árinu 2021, sem var 5,1%. Þannig hækkuðu laun og -tengd gjöld um einungis um 3,7% á milli ára, þrátt fyrir 12,7% fækkun stöðugilda á árinu í 794 árið 2021, úr 910 árið 2020.

Kostnaðarhlutfall Íslandsbanka á tekjugrunni var 51,0% á árinu 2021, í samanburði við 58,0% á árinu 2020. Kostnaðarhlutfall bankans á eignagrunni var aftur á móti 1,84% á árinu 2021, í samanburði við 1,97% á árinu 2020. Skýrist lækkunin af aukningu á rekstrartekjum og meðaleignum á árinu 2021 í samanburði við árið 2020, þar sem rekstrarkostnaður hækkaði á milli ára.

Hagnaður Íslandsbanka fyrir virðisbreytingar fjáreigna hækkaði þar af leiðandi um 6,5 ma.kr., eða um 35,6%, á milli ára, í 24,6 ma.kr. árið 2021 úr 18,1 árið 2020. Virðisbreytingar fjáreigna á árinu 2021 voru jákvæðar um 3,0 ma.kr. á árinu 2021, en neikvæðar um 8,8 ma.kr. á árinu 2020. Breytingin á milli ára endurspeglar neikvæð áhrif heimsfaraldurs kórónuveirunnar árið 2020.

Hagnaður Íslandsbanka fyrir tekjuskatt var 27,6 ma.kr. á árinu 2021, í samanburði við 9,3 ma.kr. á árinu 2020. Hækkunina, sem nam 18,3 ma.kr., má rekja til 11,8 ma.kr. viðsnúnings í virðisbreytingum fjáreigna og 7,0 ma.kr. aukningar á rekstrartekjum, þrátt fyrir 0,6 ma.kr. hækkun rekstrargjalda.

Hagnaður Íslandsbanka á árinu 2021 var 23,7 ma.kr., í samanburði við 6,8 ma.kr. á árinu 2020. Heildarafkoma bankans á árinu 2021 var 23,2 ma.kr., í samanburði við 6,6 ma.kr. á árinu 2020.

Efnahagur og fjárhagur

Eignir Íslandsbanka námu samtals 1.428,8 ma.kr. í árslok 2021, en samtals 1.344,2 ma.kr. í árslok 2020. Samsvaraði hækkinin því 84,6 ma.kr. eða 6,3%, en til samanburðar hækkaði vísitala neysliverðs um 5,1% á milli desember 2020, þegar hún var 490,3 stig, og desember 2021, þegar hún var 515,3 stig.

Eiginfjárlutfall bankans nam 25,3% í árslok 2021, en 23,0% í árslok 2020. Hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1 jókst lítillega á milli ára, eða í 21,3% í árslok 2021 í samanburði við 20,1% í árslok 2020. Allir þættir eigin fjár jukust að fjárhæð á milli árána, en þó sérstaklega viðbótar eigið fé í þætti 1 vegna útgáfu víkjandi láns á árinu 2021. Vogunarhlutfall Íslandsbanka stóð aftur á móti í stað og var 13,6% í árslok 2021 og 2020.

Arðsemi

Afkoma allra rekstrarliða Íslandsbanka fyrir tekjuskatt var hærri á árinu 2021 heldur en á árinu 2020, en þó sérstaklega afkoma eftir virðisbreytingar fjáreigna. Afkoma þessara rekstrarliða fyrir skatt var sem hér segir á árinu 2021 (í samanburði við árið 2020): Reglulegur rekstur 21,3 ma.kr. (18,9 ma.kr.), kjarnarekstur 24,3 ma.kr. (17,9 ma.kr.), rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna 24,6 ma.kr. (18,1 ma.kr.) og allur rekstur 27,6 ma.kr. (9,3 ma.kr.).

Arðsemi þessara rekstrarliða fyrir tekjuskatt breyttist einnig í samræmi breytingar á afkomu. Þannig var arðsemi þeirra fyrir tekjuskatt sem hér segir á árinu 2021 (í samanburði við árið 2020): Reglulegur rekstur 10,9% (10,3%), kjarnarekstur 12,5% (9,8%), rekstur fyrir virðisbreytingar 12,6% (9,9%) og rekstur eftir virðisbreytingar 14,2% (3,6%).

Arðsemi samtals eigin fjár annars vegar og eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum hins vegar eftir tekjuskatt hækkaði þar af leiðandi á milli ára. Arðsemi umfram áhættulausa vexti hækkaði enn meira, þar sem áhættulausir vextir lækkuðu að meðaltali á milli ára, þ.e. í 0,9% á árinu 2021 í samanburði við 1,2% á árinu 2019.

■ Landsbankinn

Rekstur

Vaxtatekjur Landsbankans voru 66,6 ma.kr. árið 2021, í samanburði við 66,5 ma.kr. árið 2020. Stóðu vaxtatekjur þannig nánast í stað á milli ára, þar sem aukning í vaxtaberandi eignum jafnaði út lækkun vaxta á milli ára. Vaxtagjöld bankans voru 27,6 ma.kr. árið 2021, í samanburði við 28,4 ma.kr. árið 2020 og lækkuðu því um 0,8 ma.kr., eða 2,8% á milli ára. Hreinar vaxtatekjur Landsbankans voru því 39,0 ma.kr. árið 2021, í samanburði við 38,1 ma.kr. árið 2020, og hækkuðu því um 0,9 ma.kr., eða um 2,3% á milli ára. Skýrist hækkinin því nær eingöngu af lækkun vaxtagjalda á milli ára. Vaxtamunur Landsbankans var 2,37% á árinu 2021, í samanburði við 2,55% á árinu áður, og lækkaði því um 0,19% stig, sem var svipað og hjá Íslandsbanka.

Rekstrartekjur Landsbankans voru 55,2 ma.kr. á árinu 2021, í samanburði við 50,3 ma.kr. á árinu 2020, og hækkuðu þar af leiðandi um 5,0 ma.kr., eða um 10,0%. Má rekja hækkinina til aukningar í fjármunatekjum um 1,9 ma.kr. og hreinum þjónustutekjum um 1,8 ma.kr. á milli ára.

Rekstrarkostnaður Landsbankans, þ.e. laun og tengd gjöld, annar stjórnunarkostnaður og sérstakur skattur á skuldir fjármálafyrirtækja, var 25,9 ma.kr. á árinu 2021, í samanburði við 25,6 ma.kr., og hækkaði þar af leiðandi um 0,2 ma.kr., eða 0,9%. Hækkunin var mun lægri en sem nemur verðbólgu á árinu 2021, sem var 5,1%. Þannig hækkuðu laun og launatengd gjöld um einungis 3,7% á milli ára, eins og hjá Íslandsbanka, þrátt fyrir 3,4% fækkun meðaltali ársverka á milli ára, eða í 890 á árinu 2021, úr 921 á árinu árið 2020.

Kostnaðarhlutfall Landsbankans á tekjugrunni var 46,8% á árinu 2021, í samanburði við 51,0% á árinu 2020. Kostnaðarhlutfall bankans á eignagrunni var aftur á móti 1,57% á árinu 2021, í samanburði við 1,72% á árinu 2020. Skýrist lækkunin af aukningu á rekstrartekjum og meðaleignum á árinu 2021 í samanburði við árið 2020, þar sem rekstrarkostnaður stóð nánast í stað á milli ára.

Hagnaður Landsbankans fyrir virðisbreytingar fjáreigna hækkaði þar af leiðandi um 4,8 ma.kr., eða um 19,4%, á milli ára, í 29,4 ma.kr. árið 2021 úr 24,6 ma.kr. árið 2020. Virðisbreytingar fjáreigna á árinu 2021 voru jákvæðar um 7,0 ma.kr., en neikvæðar um 12,0 ma.kr. á árinu 2020. Breytingin á milli ára endurspegladi neikvæð áhrif heimsfaraldurs kórónuveirunnar árið 2020.

Hagnaður Landsbankans fyrir tekjuskatt var 36,5 ma.kr. á árinu 2021, í samanburði við 12,6 ma.kr. á árinu 2020. Hækkunina, sem nam 23,8 ma.kr., má aðallega rekja til 19,1 ma.kr. viðsnúnings í virðisbreytingum fjáreigna á milli ára.

Hagnaður Landsbankans á árinu 2021 var 28,9 ma.kr., í samanburði við 10,5 ma.kr. á árinu 2020. Heildarafkoma bankans var sú sama og hagnaður hans á báðum árunum.

Efnahagur og fjárhagur

Eignir Landsbankans námu samtals 1.729,8 ma.kr. í árslok 2021, en samtals 1.564,2 ma.kr. í árslok 2020. Samsvaraði hækkunin því 165,6 ma.kr. eða 10,6%, en til samanburðar hækkaði vísitala neysliverðs um 5,1% á milli desember 2020, þegar hún var 490,3 stig, og desember 2021, þegar hún var 515,3 stig. Má rekja breytinguna til aukningar í útlánum til viðskiptavina um 114,0 ma.kr., eða 9,0%.

Eiginfjárhlutfall bankans nam 26,6% í árslok 2021, í samanburði við 25,0% í árslok 2020. Hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1 og samtals eigin fjár í þætti 1 hækkaði einnig á árinu. Vogunarhlutfall Landsbankans lækkaði aftur á móti á árinu og var 14,9% í árslok 2021 til samanburðar við 15,4% í árslok 2020. Skýrist hækkunin af aukningu í áhættuskuldbindingum á árinu, þar sem eigið fjár í þætti 1 hækkaði.

Arðsemi

Afkoma allra rekstrarliða Landsbankans fyrir tekjuskatt var hærri á árinu 2021 heldur en á árinu 2020, en afkoma eftir virðisbreytingar fjáreigna batnaði mest af þeim. Afkoma þessara rekstrarliða fyrir skatt var sem hér segir á árinu 2021 (í samanburði við árið 2020): Reglulegur rekstur 22,6 ma.kr. (20,1 ma.kr.), kjarnarekstur 28,5 ma.kr. (24,0 ma.kr.), rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna 29,4 ma.kr. (24,6 ma.kr.) og allur rekstur 36,4 ma.kr. (12,6 ma.kr.).

Arðsemi þessara rekstrarliða fyrir tekjuskatt breyttist einnig í samræmi breytingar á afkomu. Þannig var arðsemi þeirra fyrir tekjuskatt sem hér segir á árinu 2021 (í samanburði við árið 2020): Reglulegur

rekstur 8,3% (7,9%), kjarnarekstur 10,5% (9,5%), rekstur fyrir virðisbreytingar 10,9% (9,7%) og rekstur eftir virðisbreytingar 13,5% (5,0%).

Arðsemi samtals eigin fjár annars vegar og eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum hins vegar eftir tekjuskatt hækkaði þar af leiðandi á milli ára, eða í 10,7% árið 2021 úr 4,2% árið 2020. Arðsemi umfram áhættulausa vexti hækkaði þó enn meira, þar sem áhættulausir vextir lækkuðu að meðaltali á milli ára, þ.e í 0,9% á árinu 2021 í samanburði við 1,2% á árinu 2019.

■ Sparisjóður Austurlands

Rekstur

Vaxtatekjur Sparisjóðs Austurlands voru 452,5 m.kr. árið 2021, í samanburði við 400,8 m.kr. árið 2020 og hækkuðu því um 24,4 m.kr, eða 6,1% á milli ára. Vaxtagjöld sparisjóðsins voru 168,8 m.kr. árið 2021, í samanburði við 145,6 m.kr. árið 2020, og hækkuðu því um 23,0 m.kr., eða 15,8%. Hreinar vaxtatekjur hans hækkuðu þar af leiðandi um 1,4 m.kr., eða einungis 0,5%. Vaxtamunur sparisjóðsins var 3,34% á árinu 2021, en 3,51% á árinu 2020.

Rekstrartekjur Sparisjóðs Austurlands voru 292, m.kr. á árinu 2021, í samanburði við 288,4 m.kr. á árinu 2020, og hækkuðu þar af leiðandi um 4,2 m.kr., eða 1,5%. Hreinar vaxtatekjur, hreinar þjónustutekjur og aðrar rekstrartekjur hækkuðu á milli ára, en fjármunatekjur, þ.e. gengismunur, lækkuðu.

Rekstrarkostnaður Sparisjóðs Austurlands, þ.e. laun og tengd gjöld og annar stjórnunarkostnaður, þ.m.t. afskriftir, var 254,2 m.kr. á árinu 2021, en 243,3 m.kr. á árinu 2020, og hækkaði því um 10,9 m.kr., eða 4,5%. Hækkunin var rétt undir verðbólgu, sem var 5,1% á árinu 2021. Laun og tengd gjöld, sem námu 108,0 m.kr. á árinu 2021 en 100,0 m.kr. á árinu 2020, hækkuðu um 8,1 m.kr., eða um 8,1%, á milli ára.

Kostnaðarhlutfall Sparisjóðs Austurlands á tekjugrunni var 86,9% á árinu 2021, en 84,4% á árinu 2020. Kostnaðarhlutfall sparisjóðsins á eignagrunni var 3,31% á árinu 2021, í samanburði við 3,34% á árinu 2020.

Hagnaður sparisjóðsins fyrir framlag í afskriftareikning útlána nam 38,4 m.kr. árið 2021, í samanburði við 45,1 m.kr. árið 2020. Framlag í afskriftareikning útlána var jákvætt um 2,9 m.kr. árið 2021, en neikvætt um 16,8 m.kr. árið 2020 vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveirunnar það árið. Hagnaður fyrir tekjuskatt nam þannig 41,3 m.kr. árið 2021, en 28,3 m.kr. árið 2020. Má rekja hækkunina á milli ára til 19,8 m.kr. viðsnúnings á afskriftareikningi útlána og 4,2 m.kr. hækkunar á rekstrartekjum, þrátt fyrir 10,9 m.kr. hækkun á rekstrarkostnaði.

Efnahagur og fjárhagur

Eignir Sparisjóðs Austurlands námu samtals 7,8 ma.kr. í árslok 2021, en samtals 7,5 ma.kr. í árslok 2020. Hækkuðu eignir á árinu um 304,2 m.kr., eða um 4,0%, en til samanburðar hækkaði vísitala neysluverðs um 5,1% á milli desember 2020, þegar hún var 490,3 stig, og desember 2021, þegar hún var 515,3 stig.

Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins var 25,6% í árslok 2021, í samanburði við 24,9% í árslok 2020. Má rekja hækkunina aðallega til aukningar í eiginfjárgrunn sjóðsins.

Arðsemi

Afkoma og arðsemi reglulegs rekstrar, kjarnarekstrar og rekstrar fyrir framlag í afskriftareikning útlána var lægri hjá Sparisjóði Austurlands á árinu 2021 en á árinu 2020, á meðan afkoma og arðsemi rekstrar eftir framlagið var hærri á árinu 2021 en á árinu 2020. Afkoma þessara rekstrarliða fyrir tekjuskatt var sem hér segir á árinu 2021 (í samanburði við árið 2020): Reglulegur rekstur 34,1 m.kr. (41,8 m.kr.), kjarnarekstur 34,3 m.kr. (43,0 m.kr.), rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna 38,4 m.kr. (45,1 ma.kr.) og allur rekstur 41,3 m.kr. (28,3 m.kr.).

Arðsemi þessara rekstrarliða fyrir tekjuskatt breyttist einnig í samræmi breytingar á afkomu. Þannig var arðsemi þeirra fyrir tekjuskatt sem hér segir á árinu 2021 (í samanburði við árið 2020): Reglulegur rekstur 3,6% (4,5%), kjarnarekstur 3,6% (4,6%), rekstur fyrir virðisbreytingar 4,0% (4,8%) og rekstur eftir virðisbreytingar 4,3% (3,0%).

Arðsemi eigin fjár sparisjóðsins á árinu 2021 var 2,6%, en 2,0% á árinu 2020.

Viðauki A: Rekstur viðskiptabankanna 2021 og 2020 og staða í árslok

Tafla A1: Rekstrarreikningur viðskiptabankanna árið 2021 og 2020 (fjárhæðir í ma.kr.)¹⁷

	<u>Íslandsbanki</u>		<u>Landsbankinn</u>	
	<u>Árið 2021</u>	<u>Árið 2020</u>	<u>Árið 2021</u>	<u>Árið 2020</u>
Vaxtatekjur	58,6	55,7	66,6	66,5
Vaxtagjöld	<u>(24,6)</u>	<u>(22,3)</u>	<u>(27,6)</u>	<u>(28,4)</u>
Hreinar vaxtatekjur	34,0	33,4	39,0	38,1
Þjónustutekjur	15,2	12,7	13,1	10,8
Þjónustugjöld	<u>(2,3)</u>	<u>(2,1)</u>	<u>(3,6)</u>	<u>(3,2)</u>
Hreinar þjónustutekjur	12,8	10,5	9,5	7,6
Fjármunatekjur (-gjöld) og gengismunur	3,0	(0,9)	5,9	4,0
Aðrar rekstrartekjur	<u>0,3</u>	<u>0,2</u>	<u>1,0</u>	<u>0,6</u>
Samtals rekstrartekjur	50,2	43,2	55,3	50,3
Laun og tengd gjöld	(13,4)	(12,9)	(14,8)	(14,8)
Annar stjórnunarkostnaður	(10,5)	(10,5)	(9,1)	(9,1)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	<u>(1,7)</u>	<u>(1,6)</u>	<u>(2,0)</u>	<u>(1,8)</u>
Samtals rekstrargjöld	(25,6)	(25,0)	(25,9)	(25,6)
Hagnaður fyrir virðisbreytingar fjáreigna	24,6	18,1	29,4	24,6
Virðisbreyting fjáreigna	3,0	(8,8)	7,0	(12,0)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	27,6	9,3	36,5	12,6
Tekjuskattur	<u>(5,1)</u>	<u>(2,5)</u>	<u>(7,5)</u>	<u>(2,1)</u>
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	22,5	6,9	28,9	10,5
Hagnaðar af aflagðri starfsemi	<u>1,2</u>	<u>(0,1)</u>	-	-
Hagnaður ársins	23,7	6,8	28,9	10,5
Önnur heildarafkoma ársins	<u>(0,5)</u>	<u>(0,1)</u>	-	-
Heildarafkoma ársins	23,2	6,6	28,9	10,5
Hluthafar bankans	23,7	7,1	28,9	10,5
Minnihluti	<u>(0,0)</u>	<u>(0,3)</u>	-	-
Hagnaður tímabilsins	23,7	6,8	28,9	10,5

¹⁷ Heimild: Ársreikningar viðskiptabankanna árið 2021.

Tafla A2: Efnahagsreikningur viðskiptabankanna í árslok 2021 og 2020 (fjárhæðir í ma.kr.)¹⁸

	<u>Íslandsbanki</u>		<u>Landsbankinn</u>	
	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Handbært fé og innstæður í Seðlabanka	113,7	78,9	82,4	67,6
Skuldabréf og skuldagerningar	132,3	128,2	150,4	119,3
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	31,7	14,9	33,3	26,8
Útlán til lánastofnana	44,0	89,9	47,2	48,1
Útlán til viðskiptavina	1.086,3	1.006,7	1.387,5	1.273,4
Aðrar fjáreignir	8,0	10,3	10,0	13,2
Aðrar eignir en fjáreignir	<u>12,9</u>	<u>15,2</u>	<u>18,9</u>	<u>15,8</u>
Samtals eignir	1.428,8	1.344,2	1.729,8	1.564,2
Innlán frá Seðlabanka og lánastofnunum	13,4	39,8	10,4	48,7
Innlán frá viðskiptavinum	744,0	679,5	900,1	793,4
Lántaka	402,2	387,3	486,0	420,2
Víkjandi lántaka	35,8	27,2	20,8	21,4
Aðrar fjárskuldir	19,9	16,7	13,8	12,4
Aðrar skuldir en fjárskuldir	<u>9,8</u>	<u>7,6</u>	<u>16,0</u>	<u>9,9</u>
Samtals skuldir	1.225,1	1.158,0	1.447,2	1.305,9
Eigið fé hluthafa	203,7	184,7	282,6	258,3
Annað eigið fé	-	<u>1,5</u>	-	-
Samtals eigið fé	<u>203,7</u>	<u>186,2</u>	<u>282,6</u>	<u>258,3</u>
Samtals skuldir og eigið fé	1.428,8	1.344,2	1.729,8	1.564,2

¹⁸ Heimild: Ársreikningar viðskiptabankanna árið 2021.

Tafla A3: Fjárhagshlutföll viðskiptabankanna í árslok 2021 og 2020 (fjárhæðir í ma.kr.)¹⁹

	<u>Íslandsbanki</u>		<u>Landsbankinn</u>	
	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Eiginfjár- og vogunarhlutfall				
Áhættugrunnur	901,6	933,5	1.144,0	1.121,6
Áhættuskuldbindingar	<u>1.493,8</u>	<u>1.384,8</u>	<u>1.904,6</u>	<u>1.693,6</u>
Hlutfall	60,4%	67,4%	60,1%	66,2%
Almennt eigið fé í þætti 1	192,2	187,9	283,5	260,2
Viðbótar eigið fé í þætti 1	<u>10,6</u>	-	-	-
Eigið fé í þætti 1	202,9	187,9	283,5	260,2
Eigið fé í þætti 2	<u>25,1</u>	<u>27,2</u>	<u>20,8</u>	<u>21,4</u>
Eiginfjárgrunnur	228,0	215,1	304,3	281,6
Hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1	21,3%	20,1%	24,8%	23,2%
Hlutfall eigin fjár í þætti 1	22,5%	20,1%	24,8%	23,2%
Eiginfjárlutfall	25,3%	23,0%	26,6%	25,1%
Vogunarhlutfall	13,6%	13,6%	14,9%	15,4%
Önnur fjármögnunarhlutföll				
Lausafjárþekjuhlutfall	156,0%	196,2%	178,8%	154,3%
Hlutfall stöðugrar fjármögnunar	122,0%	123,0%	121,0%	116,0%
Hlutfall útlána og innlána viðskiptavina	146,0%	148,2%	154,1%	160,5%

¹⁹ Heimild: Ársreikningar viðskiptabankanna árið 2021.

Tafla A4: Skilvirkni, afkoma og arðsemi viðskiptabankanna árið 2021 og 2020 (fjárhæðir í ma.kr.)²⁰

	<u>Íslandsbanki</u>		<u>Landsbankinn</u>	
	<u>Árið 2021</u>	<u>Árið 2020</u>	<u>Árið 2021</u>	<u>Árið 2020</u>
Skilvirkni²¹				
Vaxtamunur	2,46%	2,62%	2,37%	2,55%
Kostnaðarhlutfall á eignagrunni	1,84%	1,97%	1,57%	1,72%
Kostnaðarhlutfall á tekjuginni	51,0%	58,0%	46,8%	51,0%
Störf að meðaltali á árinu	794	910	890	921
Störf í árslok	735	779	816	878
Afkoma fyrir tekjuskatt				
Reglulegur rekstur	21,3	18,9	22,6	20,1
Kjarnarekstur	24,3	17,9	28,5	24,0
Rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna	24,6	18,1	29,4	24,6
Rekstur eftir virðisbreytingar fjáreigna	27,6	9,3	36,5	12,6
Arðsemi eigin fjár fyrir tekjuskatt				
Reglulegur rekstur	10,9%	10,3%	8,3%	7,9%
Kjarnarekstur	12,5%	9,8%	10,5%	9,5%
Rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna	12,6%	9,9%	10,9%	9,7%
Rekstur eftir virðisbreytingar fjáreigna	14,2%	5,1%	13,5%	5,0%
Arðsemi eigin fjár eftir tekjuskatt				
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	11,5%	3,7%	10,7%	4,2%
Hagnaður ársins	12,2%	3,7%	10,7%	4,2%
Heildarafkoma ársins	11,9%	3,6%	10,7%	4,2%
Arðsemi eigin fjár hluthafa eftir tekjuskatt				
Hagnaður ársins	12,2%	3,9%	10,7%	4,2%
Áhættulausir vextir á tímabilinu	<u>0,9%</u>	<u>1,2%</u>	<u>0,9%</u>	<u>1,2%</u>
Arðsemi umfram áhættulausa vexti	11,3%	2,7%	9,8%	2,9%

²⁰ Heimild: Ársreikningar og fjárhagsbækur viðskiptabankanna árið 2021.

²¹ Fjöldi starfa samsvarar fjölda starfsfólks, stöðugilda eða ársverka, sem viðskiptabankarnir birta í fjárhagsbókum sínum.

Viðauki B: Rekstur Sparisjóðs Austurlands 2021 og 2020 og staða í árslok

Tafla B1: Rekstrarreikingur Sparisjóðs Austurlands árið 2021 og 2020 (fjárhæðir í m.kr.)²²

	<u>Árið 2021</u>	<u>Árið 2020</u>
Vaxtatekjur	425,2	400,8
Vaxtagjöld	<u>(168,6)</u>	<u>(145,6)</u>
Hreinar vaxtatekjur	256,6	255,2
Þjónustutekjur	47,1	44,7
Þjónustugjöld	<u>(15,3)</u>	<u>(14,8)</u>
Hreinar þjónustutekjur	31,8	29,9
Fjármunatekjur (-gjöld) og gengismunur	0,1	1,2
Aðrar rekstrartekjur	<u>4,1</u>	<u>2,1</u>
Samtals rekstrartekjur	292,6	288,4
Laun og tengd gjöld	(108,0)	(100,0)
Annar stjórnunarkostnaður	(146,2)	(143,3)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	–	–
Samtals rekstrargjöld	(254,2)	(243,3)
Hagnaður fyrir virðisbreytingar ²³	38,4	45,1
Virðisbreyting fjáreigna	2,9	(16,8)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	41,3	28,3
Tekjuskattur	<u>(16,5)</u>	<u>(9,7)</u>
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	24,8	18,6
Hagnaðar af aflagðri starfsemi	–	–
Hagnaður ársins	24,8	18,6
Önnur heildarafkoma ársins	–	–
Heildarafkoma ársins	24,8	18,6
Hluthafar sparisjóðsins	24,8	18,6
Minnihluti	–	–
Hagnaður tímabilsins	24,8	18,6

²² Heimild: Ársreikningur sparisjóðsins árið 2021.

²³ Virðisbreyting fjáreigna er hugtak, sem er notað af fjármálafyrirtækjum, sem útbúa ársreikning skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðum (International Financial Reporting Standards, IFRS), en Sparisjóður Austurlands gerir það ekki. Af þeim sökum samsvarar þessi liður framlagi í afskriftarreikning útlána.

Tafla B2: Eiginfjár- og vogunarhlutfall Sparisjóðs Austurlands í árslok 2021 og 2020 (fjárhæðir í m.kr.)²⁴

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Áhættugrunnur	3.365,4	3.396,1
Áhættuskuldbindingar	<u>7.825,0</u>	<u>7.573,4</u>
Hlutfall	43,0%	44,8%
Almennt eigið fé í þætti 1	860,0	846,6
Viðbótar eigið fé í þætti 1	–	–
Eigið fé í þætti 1	860,0	846,6
Eigið fé í þætti 2	–	–
Eiginfjárgrunnur	860,0	846,6
Hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1	25,6%	24,9%
Hlutfall eigin fjár í þætti 1	25,6%	24,9%
Eiginfjárhlutfall	25,6%	24,9%
Vogunarhlutfall	11,0%	11,2%

²⁴ Heimild: Ársreikningur sparisjóðsins árið 2021.

Tafla B3: Skilvirkni, afkoma og arðsemi Sparisjóðs Austurlands árið 2021 og 2020 (fjárhæðir í m.kr.)²⁵

	<u>Árið 2021</u>	<u>Árið 2020</u>
Skilvirkni²⁶	3,34%	3,51%
Vaxtamunur		
	3,31%	3,34%
Kostnaðarhlutfall á eignagrunni	86,9%	84,4%
Kostnaðarhlutfall á tekjugrunni	3,34%	3,51%
Störf að meðaltali á árinu	6,8	6,8
Störf í árslok	6,0	6,0
Afkoma fyrir tekjuskatt		
Reglulegur rekstur	34,1	41,8
Kjarnarekstur	34,3	43,0
Rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna	38,4	45,1
Rekstur eftir virðisbreytingar fjáreigna	41,3	28,3
Arðsemi eigin fjár fyrir tekjuskatt		
Reglulegur rekstur	3,6%	4,5%
Kjarnarekstur	3,6%	4,6%
Rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna	4,0%	4,8%
Rekstur eftir virðisbreytingar fjáreigna	4,3%	3,0%
Arðsemi eigin fjár eftir tekjuskatt		
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	2,6%	2,0%
Hagnaður ársins	2,6%	2,0%
Heildarafkoma ársins	2,6%	2,0%
Arðsemi eigin fjár hluthafa eftir tekjuskatt		
Hagnaður ársins	2,6%	2,0%
Áhættulausir vextir á tímabilinu	<u>0,9%</u>	<u>1,2%</u>
Arðsemi umfram áhættulausa vexti	1,7%	0,8%

²⁵ Heimild: Ársreikningur sparisjóðsins árið 2021.

²⁶ Fjöldi starfa samsvarar fjölda starfsfólks, stöðugilda eða ársverka.

Viðauki C: Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki

1. Markmið ríkisins um eignarhald í fjármálafyrirtækjum
 - 1.1 Markmið ríkisins sem eigandi
 - 1.2 Markmið um sölu og eignarhald til framtíðar
 - 1.3 Markmið varðandi einstök félög
2. Skipulag eigandahlutverksins
 - 2.1 Alþingi
 - 2.2 Fjármála- og efnahagsráðuneytið
 - 2.3 Bankasýsla ríkisins
 - 2.4 Valnefnd í stjórnir fjármálafyrirtækja
 - 2.5 Stjórnir og bankaráð
 - 2.6 Seðlabanki Íslands
3. Meginreglur eigandastefnu
4. Stjórnarhættir, kröfur og árangursviðmið
 - 4.1 Stjórn og skipulag
 - 4.2 Stjórnarhættir
 - 4.3 Stefnumótun og framtíðarsýn
 - 4.4 Rekstur félags
 - 4.5 Starfshættir og vinnulag
 - 4.6 Upplýsingagjöf, árangursmælingar og samskipti við fulltrúa eiganda